

**Fundargerð 394. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 11. nóvember kl. 15.30 í zoom fjarfundi.**

Fundinn sátu:

Sandra B. Franks, formaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður

Fundarritun:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Orlofsmál
 - Stjórn orlofssjóðs er á fundinum undir þessum lið.
4. Trúnaðarmannaráðsfundurinn, yfirferð
5. Félagsstjórnarfundur, umræða, úrvinnsla
6. Fagråd heilbrigðisstofnana, stuðningur við fulltrúa félagsins í ráðunum
7. Upplýsingaflæði og viðbrögð félagsins við andláti starfandi sjúkraliða
8. Viðurkenning fyrir langa og þýðingarmikla þjónustu í starfi
9. Þjónustukönnun Ap media um orlofsmál og blaðið
10. Upplýsingar um stöðu mála
 - o Diplómanámið
 - o Átaksverkefni til að fjölga sjúkraliðum
 - o Starfsemi skrifstofunnar
 - o Viðbótargreiðsla SFV til menntamála

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B. Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna til zoom – fundar og gerði grein fyrir að fulltrúar í stjórn orlofssjóðs SLFÍ tækju þátt í fundinum undir fyrsta dagskrálið.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritar SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á heimasíðu félagsins.

3. Orlofsmál

SBF bauð stjórnarmenn orlofssjóðs SLFÍ sérstaklega velkomna til fundar framkvæmdastjórnar þ.s. ræða á stöðu orlofsmála. Hún og GÖG fóru yfir það helsta sem er í gangi; sala á Safamýri 36 sem virðist vera að ganga í gegn eftir smávægilega agnúa, kaupsamningur á íbúð við Hallgerðargötu er kominn í gegn og hefur verið þinglýst. Útleiga orlofseigna félagsins á tímum covid hefur að mestu leyti gengið vel, en upp kom covidsmít í einu af húsunum, en þangað var sent inn hreinsunarteymi, sem sóttreinsaði allt hátt og lágt. Undir þessum lið var einnig farið yfir væntanlega könnun á skoðunum félagsmanna á orlofskostum félagsins.

4. Trúnaðarmannaráðsfundur 4. nóvember – yfirferð

SBF fór yfir gang mála á trúnaðarmannaráðsfundinum. Fram kom að fundurinn var mjög fjölmennur, gagnlegur og yfirferð Sonju Ýrar formanns BSRB og Dagnýjar Pindar lögfræðings BSRB var mjög góð og upplýsandi. Spurningar félagsmanna voru fjölmargar og til þess að mörg álitaeftni voru nánar skýrð. Fram kom hjá SBF að zoom tók aðeins við 100 þátttakendum þannig að færri komust að en vildu og verður annar fundur með trúnaðarmönnum á morgun 12. nóvember kl. 11.00 á zoom. Rætt var um hvort ástæða væri til að formaður skrifaði í fjölmiðla sértækt um styttingu vinnuvikunnar. Málið rætt og allir sammála um mikilvægi þess að forsvarmenn félagsins tjái sig um þennan mikilvæga áfanga og tengja þannig áfram við áralanga baráttu félagsins.

5. Félagsstjórnarfundur SLFÍ 3. nóvember - yfirferð

SBF fór yfir gang fundarins og helstu atriði sem þar voru rædd. Fram kom að mikil umræða var um eignarhald/raunverulega eigendur og kennitölur deildanna. Málið hefur verið unnið áfram og GÖG hefur fengið upplýsingar frá skattinum og endurskoðanda um hvernig haga eigi málum varðandi skil til skattsins á eignarhaldi og kennitölu. Í framhaldi verður þessum upplýsingum komi á deildarformenn þannig að öllum vafa verði eytt. Rætt var um að fara yfir það á næsta félagsstjórnarfundum að aðalfundur 2020 frestist í síðasta lagi til loka janúar. Ákveðið að fara yfir reglur svæðisdeilda á næsta fundi framkvæmdastjórnar og uppfæra í takt við breytt lög félagsins.

6. Fagrád heilbrigðisstofnana, stuðningur við fulltrúa félagsins í ráðunum

SBF fór yfir drög að mjög ítarlegu vinnuskjali þ.s. fram kemur m.a. mikilvægi fagráðanna og þátttöku sjúkraliða í þeim, en ekki síður mikilvægi þess að „okkar“ þátttakendur í fagráðunum séu vel „nestaðir“ til þátttöku í þessum ráðum. Rætt var um að félagið bjóði stuðningsnámskeið í samstarfi við Framvegis fyrir fulltrúa stéttarinnar í ráðunum. Málið verður skoðað áfram og fylgt eftir.

7. Upplýsingaflæði og viðbrögð félagsins við andlátum starfandi sjúkraliða

SBF velti því upp hvernig eða hvort félagið ætti að senda minningarkort til aðstandenda látinna sjúkraliða og um leið að benda á ákveðin réttindi. Málið rætt og ákveðið að minnast látinna sjúkraliða í desemberblaði félagsins á hverju ári.

8. Viðurkenning fyrir langa og þýðingarmikla þjónustu í starfi

SBF fór yfir hvort og hvernig ætti að heiðra félagsmenn fyrir þýðingarmikið starf í þágu félagsins eða í starfinu. Málið rætt og fram kom að heiðranir hafi verið á tuga afmælum félagsins þ.s. félagsmenn sem skilað hafa sérstöku framlagi í þágu félagsins og félagsmanna og einnig af sama tilefni hafa utanfélagsmenn hlotnast slíkur heiður.

Rætt um að félagið nálgist þá félagsmenn sem eru að ljúka störfum og sýna þeim ákveðna virðingu. Málið verður rætt enn frekar á næsta félagsstjórnarfund.

9. Þjónustukönnun Ap media um orlofsmál og blað félagsins

Rætt var hvort stjórn væri ekki sammála um að fara fljótlega í skoðanakönnun meðal félagsmanna um ákveðin atriði er varða orlofsmál og einnig varðandi blað félagsins, en þar verður m.a. sértæk spurning um hvort áhugi sé fyrir að fá blaðið rafrænt frekar en í pósti, þá er ekki verið að tala um orlofsblaðið sem áfram verður gefið út í blaði. Allir sammála um að fara í slíka könnun. GÖG falið að setja hana í gang sem fyrst.

10. Upplýsingar um stöðu ákveðinna mála

- SBF fór yfir stöðu diplómanámsins og fram kom að ferlið er í góðum gangi, en beðið er eftir samþykki frá skólanum á námsbrautalýsingu sem beðið er eftir og von er á. Undirbúningsmánið er mjög vel sótt, en enskunámið hefst ekki fyrr en á nýju ári.
- Átaksverkefni til að fjölga sjúkraliðum er í ferli og verið er að þróa tengslanetið sem það varðar.
- Starfsemi skrifstofunnar á tímum covid. Skrifstofan er lokuð, en síminn opinn og ákveðnir starfsmenn skipta á milli sín að mæta.

- **Önnur mál**
 - GÖG fór yfir að komið væri samþykki frá SFV um að 0,1% viðbótargreiðslan til menntamála sjúkraliða fari í Starfsmenntasjóð félagsins.
 - Rætt var um tímalínuna og ákveðið að JJS og GÖG verði klár með drög fyrir næsta framkvæmdastjórnarfund.
 - GÖG ítrekar fyrirspurn til skattstjóra um íþróttastyrk.

Fundi slitið kl. 18.00